



Viðar Halldórsson

Íþróttapátttaka Íslenskra ungmenna Þróun íþróttapátttöku og greining á félagslegum áhrifaþáttum

► Um höfund ► Efnisorð

Frá og með seinni hluta tuttugustu aldar hefur íþróttapátttaka vaxið það ört að fræðimenn hafa talað um „íþróttavæðingu samfélagsins“. Þessi aukna pátttaka á ekki síst við í íþróttum barna og ungmenna, sem eru í dag stærstur hluti pátttakenda í skipulögðu íþróttastarfi. Ástæður almennrar pátttöku ungs fólks í skipulögðu íþróttastarfi má að einhverju leyti rekja til jákvæðra hugmynda almennings um slíkt starf þar sem litið er á íþróttafélög sem hluta af uppeldisstofnunum samfélagsins og því heppilegan vettvangur fyrir samfélagslega aðlögun barna og ungmenna. En samhliða þessari þróun hefur fjölbreytni aukist í íþróttastarfi þar sem athæfi af sífellt fleira tagi fellur undir hefðbundna íþróttaskilgreiningu. Athæfi sem ekki endilega mætir væntingum um jákvæða þróun uppeldis fyrir ungt fólk.

Þessari grein er ætlað að varpa ljósi á íþróttaiðkun íslenskra ungmenna, skoða þróun skipulagðs íþróttastarfs og sérstaklega að skoða hverjir eru líklegastir til að taka þátt í íþróttum eftir ólíkum leiðum hér á landi. Greinin byggir á viðamiklum gögnum Rannsókna og greiningar á ungu fólki með megináherslu á könnun sem gerð var vorið 2014 meðal nemenda í 8.–10. bekk allra grunnskóla á Íslandi. Niðurstöður sýna að mun fleiri ungmenni stunda nú skipulagt íþróttastarf en árið 1992. Ennfremur hefur hlutfall þeirra sem æfa oft tvöfaldast hjá piltum og nærri þrefaldast hjá stúlkum á þessum árum. Íþróttapátttaka í íþróttafélögum er mest meðal nemenda í 7. bekk en eftir það dregur jafnt og þétt úr pátttöku ungs fólks í skipulögðu íþróttastarfi. Pátttakan eykst aftur á móti í íþróttum utan íþróttafélaga.

Niðurstöðurnar benda einnig til þess að ýmsir félagslegir þættir hafi áhrif á hvort og með hvaða hætti ungmenni stunda íþróttir. Þættir eins og kyn, aldur, búseta, heimilisgerð, hvatning foreldra, tengsl við vini og íþróttatengd virðing vina, tengjast allir íþróttapátttöku ungmenna. Í þessu samhengi er mikilvægt að líta til þess að félagslegar hindranir geta haldið ákveðnum hópum ungs fólks frá uppeldisvænu tómsundastarfi á borð við skipulagt íþróttastarf.

Sport participation among Icelandic Youth: Developmental trends and analysis of social factors affecting sport participation

► About the author ► Key words

‘The sportization of society’ has influenced a massive increase in sport participation, especially among youths. Young people therefore represent the largest proportion of sport participants, especially in formal sports. This is largely due to the impact of the late nineteenth century ideas of sport as possessing positive developmental benefits for participants and for society as a whole. These ideas have become the general viewpoint to youth sport in most Western societies, finding their way into Icelandic society in the late twentieth century. But parallel to the increase in sport participation, the diversity of opportunities to partake in different sports in different contexts has increased extensively.

The increased diversity of modern sport forms has illustrated that all sports cannot be put under one and the same label in relation to the developmental outcomes of sport participation. Some sport forms are better equipped than others to contribute to potential developmental outcomes for their participants. Research on Icelandic youth sport shows that while various positive developmental outcomes can be attributed to participation in formal sport in sport clubs, they do not necessarily exist in informal sport, outside sport clubs. Informal sports are more individualistic and emergent in nature and seem to lack some of the social contextual elements that reside in formal sport. Therefore, it is important to disassemble the traditional definition of sport and to differentiate between different kinds of sports forms and contexts. By doing so we can analyze the developmental outcomes of sport participation more thoroughly and accurately.

Since prior research has consistently shown the benefits of formal sport participation for Icelandic youth, the focus of this paper is primarily on formal youth sport. This paper seeks to investigate participation trends in formal youth sport in Iceland, and further, to identify some of the social characteristics of participants in different forms of sport, i.e. among those who participate in formal sport in sport clubs, those who only participate in informal sport outside sport clubs, and those who do not take part in any sporting activity. This paper further analyzes whether social stratifications exist in regards to participation in youth sport. The study is built on extensive questionnaire data on the population of Icelandic youth from 1992 to 2014.

The findings show that adolescents’ sport participation has increased considerably in formal sport in this period. More adolescents take part in formal sport, and they practice more. In fact, the percentage of those who partake four times a week or more has increased twofold for boys and almost threefold for girls in this period. Boys are more likely to participate than girls, although the gender gap is slowly diminishing. Participation rates in formal sport are highest among seventh grade children and steadily decrease from that point, although participation rates increase in informal sport outside sport clubs from that point on. Those adolescents who stop participating in formal sport do not become physically inactive but seem to shift to informal sport

The findings further show that various social characteristics affect the sport participation of adolescents. Participation in formal sport decreases with age, while the relationship is reversed for informal sport, with girls being more likely to partake in informal sport than boys. The findings further show, as the logistic regression revealed, that social stratification factors like parents’ education and family income did not show a significant relationship with sport participation. On the other hand, factors like living with both parents, having parental encouragement for sport, and being in a close relationship with friends interested in sport, all showed a positive relationship with participation in

sport. The relationship is by far strongest for parental encouragement, where those who receive encouragement for sport participation from their parents are over three times more likely to participate in formal sport, and almost twice as likely to participate in informal sport, than those who do not receive such encouragement. The findings further suggest that there are benefits to participation in formal sport for adolescents' positive development.

This paper is by no means a comprehensive analysis of the social characteristics of youth sport participation in Iceland. Rather, it illustrates the importance for further analysis to differentiate between different sport forms and different sports in order to shed further light on the positive developmental outcomes of sport participation for adolescents. Such research is of extreme importance, especially if social stratification factors prevent some adolescents from participating in a supportive and educational sporting environment, such as within formal youth sport.

Inngangur

Íþróttir hafa verið mikilvægur þáttur í menningu og skipulagi flestra samfélaga í gegnum aldirnar og á það sérstaklega við um nútímasamfélagið (Guttman, 2004b). Skipulag íþróttar og tilgangur er þó ekki óbreytanlegur fasti heldur háður tíðaranda hvers tíma. Eðli og form íþróttar er félagslega skilgreint. Með nýjum hugmyndum, nýrri þekkingu og breyttum samfélagsháttum breytast hugmyndir okkar um íþróttir, skilgreiningar á íþróttum sem og form og áherslur íþróttastarfsins – sem gerir íþróttir nútímans ólíkar íþróttum fyrri tíma (Guttman, 2004a).

Í gegnum aldirnar hafa íþróttir verið iðkaðar (eða ekki iðkaðar) í krafti ríkjandi hugmynda hverju sinni (Elias og Dunning, 1986; Coakley og Pike, 2009). Íþróttir hafa ýmist verið stundaðar sem undirbúningur undir hernað, sem hluti af trúarbrögðum, eða sem skemmtun og afþreying fyrir almenning. Á tímum hafa íþróttir einnig verið taldar óæskilegar og iðkun þeirra jafnvel bönnuð (Elias og Dunning, 1986; Coakley og Pike, 2009). Á seinni hluta nítjándu aldar fóru að koma fram nýjar hugmyndir um tilgang íþróttar, að iðkun íþróttar hefði jákvæð uppeldisleg og mannþætandi gildi fyrir iðkendur og samfélag. Þessar hugmyndir, sem spröttar voru úr breska háskólaumhverfinu, byggðu á því að iðkun íþróttar og líkamsþjálfunar þótti stuðla að jákvæðri félagsmótun ungs fólks í hinum nýju borgarsamfélögum þess tíma (Elias og Dunning, 1986). Menn töldu ennfremur að íþróttir gætu þjálfað „vöðva og færni til að berjast gegn illsku og stuðla að góðum gildum“ (sjá í Mangan, 1998, bls. 175). Slíkar áherslur, í anda virknihyggjumanna (e. *functionalists*), ganga út á að iðkun íþróttar sé góð leið til að kenna ungu fólki æskileg félagsleg gildi og stuðli að bættum mannkostum iðkenda (e. *build character*). Á seinni hluta nítjándu aldar voru íþróttir teknar inn og gerðar að hluta af breska skólakerfinu þar sem þær væru mikilvægur þáttur í uppeldi ungs fólks (Guttman, 2004). Hugmyndir bresku skólamannanna um uppeldisleg gildi íþróttar breiddust út og náðu fótfestu sem mikilvægur þáttur nútímaíþróttar. Nútíma Ólympíuleikar, sem endureistir voru árið 1896 af franska aðalsmanninum Pierre De Coubertin, byggja meðal annars á þessum hugmyndum (Guttman, 2002).

Hér á Íslandi fóru þessar hugmyndir að seitra inn á fyrri hluta tuttugustu aldarinnar, eins og sjá má í formála að bók Björns Bjarnasonar, *Íþróttir fornmanna á Norðurlöndum*, sem rituð var í upphafi aldarinnar:

Íslendingum; mönnum hefur þótt af þeim tímatöf og engin askafylli. En nú virðist ætla að fara að birta af degi í þessu efni sem öðru. Forgöngumenn alþýðufræðslunnar hér á landi eru nú loks komnir í skýran skilning um það, er mestu uppeldisfræðingar heimsins hafa barist fyrir um langan aldur og

kjarkmestu þjóðirnar, t.d. Englendingarnir, gjört að veruleika, jafnrétti líkamsmenningarinnar við andlegu fræðsluna. Ungmennafélagsskap hefur verið hrundið af stokkunum, ekki sízt í því skyni að endurfæða þjóðlegar og hollar líkamsíþróttir. ... Er þetta ekki dagroði nýrrar íþróttaalda, fyrirboði kjarkmikillar kynslóðar? (Björn Bjarnason, 1908, bls. 4)

Svipaðar hugmyndir sáust í skrifum Guðmundar Finnbogasonar (1933) og seinna Sigurðar Nordal (1987) og svo fór að íþróttir öðluðust sífellt veigameiri sess hér á landi eins og víðast hvar í heiminum. Sumir fræðimenn hafa gengið svo langt að tala um nokkurs konar íþróttabyltingu, sem þeir hafa nefnt *íþróttavæðingu samfélagsins* (Crum, 1991).

Í flestum nútímasamfélögum er íþróttapáttaka orðin almenn. Sífellt fleiri stunda nú einhvers konar íþróttir í öllum hópum samfélagsins, fleiri en nokkurn tíma áður í sögunni (De Knop o.fl., 1996; Guttmann, 2004; Tischer, Hartmann-Tews og Combrink, 2011). Þátttakan einskorðast ekki aðeins við unga karlmenn, eins og oft á fyrri tímum, heldur hefur iðkun íþróttar aukist í öllum hópum samfélagsins, meðal karla og kvenna, yngra fólks og eldra, úr öllum stéttum (Guttmann, 2004). Á sama tíma hefur framboð íþróttar aukist og athæfi sem fellur undir íþróttaskilgreininguna orðið fjölbreyttara en áður.

Íþróttapáttaka og uppeldislegt gildi

Ýmis gögn benda til þess að íþróttaiðkun íslenskra ungmenna hafi aukist verulega á undanförunum áratugum og börn og ungmenni eru langfjölmennasti hópurinn innan íþróttahreyfingarinnar (Íþróttar- og Ólympíusamband Íslands, 2011). Ástæður þessa má að miklu leyti rekja til þeirra jákvæðu hugmynda sem fólk hefur nú á tímum til íþróttar – í takt við hugmyndir bresku skólamannana á sínum tíma. Ráðandi aðilum og almenningi virðist hafa orðið ljóst að hægt væri að nýta íþróttastarf til að kenna einstaklingum að verða betri og árangursríkari samfélagsþegnar. Sage (1998) heldur því fram að íþróttir geti mótað gildi og haft mikil áhrif á hugmyndir þátttakenda á jákvæðan hátt, stuðlað að því að þeir læri góð gildi og vinnubrögð, samskipti, reglur og að ná árangri – í víðri merkingu þess orðs. Með þessum áherslum var grundvöllur fyrir aukinni íþróttapáttöku barna og ungmenna lagður (Coakley, 2007). Þessar hugmyndir hafa fengið enn sterkari hljómgrunn hér á landi en áður í kjölfar umfangsmikilla rannsókna að frumkvæði Þórólfs Þorlindssonar og félaga á gildi íþróttastarfs en þær hafa ítrekað sýnt fram á jákvætt samband á milli íþróttapáttöku og ýmissa þátta í lífi íslenskra ungmenna (Thorlindsson, 1989; Thorlindsson, Vilhjálmsson og Valgeirsson, 1990; Thorlindsson og Vilhjálmsson, 1991; Þórólfur Þorlindsson, Þorlákur Karlsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 1994; Þórólfur Þorlindsson o.fl., 1998; Þórólfur Þorlindsson o.fl., 2000; Thorlindsson og Halldorsson, 2010; Gísladóttir, Matthíasdóttir og Kristjansdóttir, 2013; Halldorsson, Thorlindsson og Sigfúsdóttir, 2014). Niðurstöður ýmissa erlendra rannsókna staðfesta jafnframt þetta jákvæða samband íþróttapáttöku og uppeldislegra gilda (Shields og Bredemeier, 1995; Eccles og Barber, 1999; Barber, Eccles og Stone, 2001; Marsh og Kleitman, 2003; Fraser-Thomas, Cote og Deakin, 2005). Trú fólks á uppeldisleg gildi íþróttastarfs hefur fest í sessi og kemur til dæmis skýrt fram í stefnuýfirlýsingu *Sameinuðu þjóðanna* frá árinu 2003:

Íþróttir skapa vettvang fyrir iðkendur til að tileinka sér aga, bæta sjálfstraust og þjálfala leiðtogaferni, sem og að kenna grundvallargildi eins og umburðarlyndi, samvinnu og virðingu. Íþróttir kenna iðkendum gildi þess að leggja sig fram, sem og að takast á við sigra og ósigra (United Nations, 2003, bls. 1).

Íþróttapáttaka barna og ungmenna óx jafnt og þétt á seinni hluta tuttugustu aldar (De Knop o.fl., 1996), meðal annars vegna þess að foreldrar barna hafa í vaxandi mæli kosið að senda börn sín í skipulagt íþróttastarf í umsjá fullorðinna þjálfara, í þeim tilgangi að efla þau líkamlega, félagslega og hugarfarslega (Coakley, 2007). Aðrar samfélagslegar

ástæður fyrir aukinni íþróttaiðkun ungs fólks á tuttugustu öldinni sem vert er að nefna í þessu samhengi eru: aukin atvinnubátttaka kvenna, sem gerði það að verkum að íþróttafélög urðu nokkurs konar gæslustöðvar fyrir börn á meðan báðir foreldrar voru í vinnu; sú trú almennings að borgarsamfélagið sé hættulegt ungu fólki og það þurfi því að vera sem mest undir umsjá fullorðinna; að óformlegt starf ungmenna, án aðkomu fullorðinna, geti leitt af sér ýmis konar vandræðahegðun ungs fólks, eins og vímuefnaneyslu; sem og aukinn sýnileiki íþróttá í fjölmiðlum og í samfélaginu (Coakley, 2007). Þar að auki fóru ungir sem aldnir í vaxandi mæli að taka þátt í íþróttum og líkamlegri hreyfingu í því skyni að bæta líkamlega heilsu og andlega líðan, örva félagsleg samskipti, eiga áhugamál og að tilheyra samfélaginu (De Knop o.fl., 1996; Woods, 2011), sem og til að ná frama í íþróttum (Coakley, 2007).

Skipulagt íþróttastarf hefur á undanförnum áratugum verið nátengt hefðbundnu skólastarfi og ýtt er undir að börn og ungmenni fari í íþróttir eftir skóla. Hér á landi styrkja sveitarfélög enn fremur börn og ungmenni fjárhagslega til að taka þátt í íþróttum og skipulögðu félagsstarfi. Einnig er sérstaklega talið mikilvægt að innflytjendur og nýir Íslendingar taki þátt í íþróttastarfi til að þeir læri á íslenskt samfélag og tengist betur hefðum og menningu sem ríkja í samfélaginu (Sólveig H. Georgsdóttir og Hallfríður Þórarinsdóttir, 2008). Á seinni hluta 20. aldar varð starf íþróttafélaga til að mæta þessum fjölbreyttu þörfum samfélagsins. Það er í þessum skilningi sem hægt er að líta á íþróttir sem hluta af uppeldisstofnunum samfélagsins.

Ýmsir fræðimenn hafa þó bent á að iðkun íþróttá leiði ekki sjálfkrafa til jákvæðra uppeldislegra gilda (Scanlan, 1984; Gould og Carson, 2004; Coakley, 2007; Hartmann og Kwauk, 2011). Það eitt og sér að kasta bolta í körfu hefur ekki uppbyggileg áhrif á iðkendur í sjálfu sér, heldur skiptir máli í hvers konar samhengi íþróttin er leikin og undir hvers konar félagslegum kringumstæðum hún á sér stað. Til að mynda hefur verið bent á að greina þurfi á milli mismunandi tegunda íþróttabátttöku, annars vegar formlegra eða skipulagðra íþróttá sem stundaðar eru innan íþróttafélaga og hins vegar óformlegra íþróttá sem stundaðar eru í annars konar félagslegu samhengi – utan íþróttafélaga (Sage, 1998; Coakley og Pike, 2009; Thorlindsson og Halldorsson, 2010; Coakley, 2011; Hartmann og Kwauk, 2011; Halldorsson, Thorlindsson og Sigfusdóttir, 2014).

Fræðimenn hafa almennt sýnt fram á jákvæð áhrif og uppeldislegt gildi skipulagðs félagsstarfs (Þórólfur Þórlindsson, Þorlákur Karlsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 1994; Þórólfur Þórlindsson o.fl., 2000; Bartko og Eccles, 2003; Durlak, Weissberg og Pachan, 2010; Zambon o.fl., 2010). Rannsóknir sem gerðar hafa verið hér á landi hafa enn frekar sýnt fram á mikilvægi hins skipulagða íþróttastarfs þegar það er borið saman við óformlegra íþróttastarf hvað varðar uppeldislega þætti. Þær sýna meðal annars að þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi dregur úr áhættuhegðun ungmenna eins og áfengisneyslu (Halldorsson, Thorlindsson, og Sigfusdóttir, 2014) og sterantöku (Thorlindsson og Halldorsson, 2010). Því oftast sem iðkendur taka þátt í skipulögðu íþróttastarfi með því að æfa þar íþróttir eru þeir ólíklegri til að nota slík efni. Aftur á móti sýna rannsóknarniðurstöður að þau ungmenni sem stunda íþróttir utan íþróttafélaga eru jafnvel líklegri en þau ungmenni sem engar íþróttir stunda til að drekka áfengi eða nota stera. Í raun kemur fram að þeim mun oftast sem þau stunda íþróttir utan skipulagðs starfs íþróttafélaga eru þau líklegri til að drekka áfengi eða nota stera (Thorlindsson og Halldorsson, 2010; Halldorsson, Thorlindsson og Sigfusdóttir, 2014). Þessar niðurstöður eru áhugaverðar ef litið er til uppeldislegs gildis íþróttastarfs. Þær sýna að það er ekki íþróttaiðkunin sem slík sem hefur uppeldislegt gildi og jákvæð áhrif á iðkendur heldur liggja þau áhrif öllu fremur í því hvaða áherslur eru lagðar í starfinu og hvernig starfinu er háttað (Doty, 2006; Thorlindsson og Halldorsson, 2010; Halldorsson, Thorlindsson og Sigfusdóttir, 2013).

Coakley (2007) hefur á hinn bóginn viljað halda því fram að ungmenni hafi mun meiri ávinning af því að taka þátt í óskipulögðu íþróttastarfi með vinum sínum og jafningjum fremur en skipulögðu íþróttastarfi í umsjón fullorðinna. Í slíku starfi læri þátttakendur að taka ábyrgð, vinna saman og leysa úr vandamálum – án hjálpar fullorðinna. Ekki eru til gögn sem sýna fram á það hér á landi. En rannsóknir á íslensku afreksíþróttafólki hafa sýnt fram á mikilvægi hins óformlega starfs fyrir áhuga og árangur þátttakenda í afreksíþróttum innan skipulagðs íþróttastarfs (Halldorsson, Thorlindsson & Katovich, 2014). Niðurstöður þeirra benda til þess að ástundun óformlegra íþróttaráttenda sé í raun mikilvæg samhlíða þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi. Að slíkt blandað þátttökuform yti undir frekari íþróttaráttöku og árangur í íþróttum (Halldorsson, Thorlindsson og Katovich, 2014).

Þó skoðanir séu skiptar um kosti og galla mismunandi leiða til íþróttaráttöku þá hafa innlendar rannsóknir ítrekað sýnt fram á mikilvægi hins formlega íþróttastarfs hvað varðar uppeldisgildi íþróttaráttenda (Þórólfur Þórlindsson o.fl., 1994; Þórólfur Þórlindsson o.fl., 1998; Þórólfur Þórlindsson o.fl., 2000). Þær niðurstöður endurspeglar mikilvægi þess hvernig staðið er að starfi íþróttafélaga og þjálfara við mótun uppbyggilegs félagslegs umhverfis og árangurs. Þátttaka í hefðbundnu íþróttastarfi íþróttafélaga er samkvæmt þessu sú íþróttaráttöku sem helst ætti að horfa til í þessu samhengi.

Félagsleg umgjörð íþróttastarfsins

Ýmsir fræðimenn hafa bent á hvernig félagslegt umhverfi og félagsleg tengsl hafa áhrif á einstaklinga innan staðbundinna félagslegra eininga sem ala svo af sér venjur, hefðir og menningu sem móta einstaklinga og hópa (Granovetter, 1983; Cotterell, 1996; Christakis og Fowler, 2009; Overbeek o.fl., 2010; Okada og Young, 2011; Corte, 2013; Halldorsson, 2014). Jákvæð áhrif skipulagðs íþróttastarfs umfram annars konar íþróttastarf gætu átt sér rætur í formgerð íþróttanna. Ýmsir skýringarþættir gætu varpað ljósi á það hvernig uppeldisgildi íþróttaráttenda verður meira innan skipulagðs íþróttastarfs en óskipulagðs. Hér má nefna nokkra þætti.

Í fyrsta lagi þá eru íþróttafélög aðilar að Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands. Félögin þurfa af þeim sökum að fara eftir þeim viðmiðum og reglum íþróttayfirvalda sem gilda hverju sinni, til dæmis hvað varðar hegðun og áherslur þjálfara og félagsins í heild, sem og bann við neyslu vímuefna á íþróttasvæðum og í íþróttakeppnum. Íþróttáæfingar yngri iðkenda eru svo jafnan einnig tengdar við skólustarf sem styrkir enn frekar tengingu íþróttaráttökuar við aðrar stofnanir sem sinna uppeldislegu starfi.

Í öðru lagi mótast þátttaka í íþróttum innan íþróttafélaga af sögu þeirra og þeim hefðum sem hafa skapast í árána rás (Fine, 1979; Granovetter, 1983; Wagner, 1987; Halldorsson, Thorlindsson og Katovich, 2014). Mörg íslensk íþróttafélög eiga aldarlanga sögu sem mótað hefur gildi og vinnubrögð, skapað fyrirmyndir og leiðir, og hefur þannig áhrif á þá einstaklinga og hópa sem koma til starfa innan þeirra hefða sem þar hafa skapast.

Í þriðja lagi má nefna að, formlegt íþróttastarf byggir á ákveðinni skuldbindingu iðkenda. Það er ætlast til að þeir mæti á æfingar, sækji fundi, taka þátt í fjáröflun og öðru slíku, það er sinni ýmsum föstum þáttum sem starfið felur í sér. Þeir koma að aðstoð við framkvæmd leikja og móta, sjá um dómgæslu og fleira. Það má því halda því fram að þátttaka í íþróttum sé starf sem krefjist talsverðrar skuldbindingar og geri það að verkum að iðkendur hafa ekki tíma eða orku til að taka þátt í einhvers konar áhættulífsstíl sem gæti til að mynda falið í sér neyslu vímuefna (Halldorsson, Thorlindsson og Katovich, 2014). Þetta á sérstaklega við ef þeir stefna á að bæta árangur sinn í íþróttum (Halldorsson, Helgason og Thorlindsson, 2012).

Í fjórða lagi hafa foreldrar jafnan mikla aðkomu að skipulögðu íþróttastarfi. Starf íþróttafélaga byggir að miklu leiti á sjálfboðavinnu foreldra sem koma að ýmsum þáttum starfsins, svo sem í stjórnnum og foreldraráðum, fjáröflunum og sem áhorfendur. Bátttaka foreldra í áhugamálum barna sinna hefur mótandi áhrif á börn og hafa rannsóknir sýnt jákvæða fylgni milli þátttöku foreldra og uppeldislegs gildis slíks starfs (Bloom, 1985; Cote 1999; Kay 2000; Wheeler, 2011).

Að síðustu þá eru iðkendur skipulagðs íþróttastarfs líklegri til að umgangast aðra sem taka þátt í slíku starfi, eins og þjálfara og jafningja sem hafa tileinkað sér góð viðhorf og vinnubrögð til árangurs. Þetta kallar fram jákvæða og heilbrigða hegðun og uppbyggilegar venjur festast í sessi. (Granovetter, 1983; Wagner, 1987; Berndt, Laychak og Keunho, 1990; Farrell, 2001; Christakis og Fowler, 2009; Vest og Simpkins, 2013; Halldorsson, Thorlindsson og Katovich, 2014). Þessar áherslur eiga síður við í óskipulögðu íþróttastarfi sem er að miklu leyti ein-staklingsbundið og sjálfsprottið.

Tilgangur þessarar greinar er að skoða og meta íþróttabátttöku íslenskra ungmenna út frá þeim hugmyndum að þátttaka í íþróttum hafi uppeldislegt gildi af einhverju tagi. Slíkar hugmyndir ganga út frá því að æskilegt sé fyrir einstaklinga, sem og hið stærra samfélag, að sem flest ungmenni stundi íþróttir og á það sérstaklega við um skipulagt íþróttastarf sem stundað er innan íþróttafélaga. Rannsóknir hafa sýnt að það eru ýmsar félagslegar hindranir í vegi ungs fólks sem vert að að benda á í þessu samhengi og varða þátttöku í íþróttum. Þiltar taka frekar þátt en stúlkur (Vilhjalmsson og Kristjansdóttir, 2003) og það dregur úr þátttöku með hækkandi aldri (Þórólfur Þórlindsson o.fl., 2000). Rannsóknir sýna enn fremur að þau ungmenni sem stunda skipulagt íþróttastarf eru líklegri til að koma frá fjárhagslega betur stæðum heimilum (Yang, Telama og Laakso, 1996; Collins og Buller, 2003), búa hjá báðum foreldrum (Rowley, 1992), koma frá heimilum þar sem lögð er áhersla á íþróttir (Bloom, 1985; Rotella og Bunker, 1987; Kay, 2000; Þórólfur Þórlindsson o.fl., 2000; Wheeler, 2011), eiga vini sem stunda og meta íþróttir (Þórólfur Þórlindsson o.fl., 2000; Seabra o.fl., 2007). Einnig hefur sýnt sig að innflytjendur eru ólíklegri til að taka þátt í slíku starfi en innfæddir (Singh o.fl., 2008). En til að íþróttastarf virki sem uppeldisstarf og gegni því samfélagslega hlutverki sem áður hefur verið rætt, er mikilvægt að starfið sé jafn aðgengilegt ungmönnum úr öllum hópum samfélagsins.

Í þessari grein verður leitast við að skoða eftirtalda þætti: a) þróun íþróttabátttöku ungmenna (í 8.–10. bekk) í íþróttafélagi yfir tíma; b) þróun íþróttabátttöku ungmenna í íþróttafélagi eftir aldri (frá 5. bekk til framhaldsskóla); og c) að skoða hvaða félagslegu þættir hafa áhrif á það hverjir taka þátt í íþróttum, þar sem greint verður sérstaklega á milli íþróttaiðkunar innan og utan íþróttafélaga. Tilgangur þess að greina á milli þátttöku í íþróttafélögum og utan þeirra er að reyna að meta hvort munur sé á hópunum sem gæti hugsanlega skýrt tengsl skipulagðs íþróttastarfs við jákvæð uppeldisleg gildi sem ekki koma fram hjá þeim sem stunda íþróttir á öðrum vettvangi.

Gögn og aðferð

Til að meta umfang íþróttastarfs og skoða þróun íþróttabátttöku íslenskra ungmenna var notast við gögn úr könnunum Rannsókna og greiningar frá árunum 1992 til 2014. Kannanimar bera yfirskriftina *Ungt fólk* og hafa verið gerðar reglulega frá árinu 1992. Notast hefur verið við þýði allra ungmenna á Íslandi hverju sinni. Niðurstöður kannananna hafa birst í mörgum bókum, vísindagreinum og skýrslum á undanförunum áratugum (sjá nánar á slóðinni <http://www.rannsoknir.is>). Í þessari grein er að mestu byggt á gögnum úr könnuninni *Ungt fólk 2014*. Könnunin var lögð fyrir nemendum í 8., 9., og 10. bekk allra grunnskóla á Íslandi í febrúar 2014. Alls svöruðu 10.783 nemendum könnuninni.

Breytur og gagnagreining

Íþróttapátttaka

Íþróttapátttaka var mæld með tveimur breytum. Annars vegar spurningunni *Hve oft stundar þú íþróttir (æfir eða keppir) með íþróttafélagi?* og hins vegar spurningunni *Stundar þú íþróttir eða líkamsrækt?* Báðar breyturnar voru mældar á 6 punkta kvarða frá *Nær aldrei til Svo til á hverjum degi*. Til að greina á milli tveggja mismunandi hópa voru þeir, sem stunduðu íþróttir í íþróttafélagi einu sinni eða oftár í viku, útilokaðir frá breytunni um ástundun íþróttar eða líkamsræktar. Breyturnar sem mæla íþróttapátttöku útiloka því hvor aðra þar sem önnur mælir skipulagðar æfingar í íþróttafélögum en hin almenna íþróttaiðkun og ástundun líkamsræktar utan hins hefðbundna skipulags. Báðar breytur voru annars vegar skilgreindar sem tvíkostabreytur (1=æfi einu sinni í viku eða oftár, 0=æfi nær aldrei) og hins vegar sem þríkostabreytur (0=æfi nær aldrei, 1=æfi einu til þrisvar sinnum í viku, 2=æfi fjórum sinnum í viku eða oftár). Til þess að fá þriðja hópinn, þá sem engan þátt taka í íþróttum, hvorki innan né utan íþróttafélaga, var búin til þriðja breytan, *Stunda ekki íþróttir*. Þeir sem stunda engar íþróttir voru skilgreindir þeir sem svöruðu *Nær aldrei* á báðum fyrrnefndu breytunum um íþróttapátttöku. Breyturnar sem mæla íþróttapátttöku urðu því þessar: a) Þeir sem stunda íþróttir í íþróttafélagi (N=6.477), b) þeir sem eingöngu stunda íþróttir utan íþróttafélaga (N=2.725), og c) þeir sem stunda engar íþróttir (N=1.212).¹

Aðrar breytur

Notaðar voru tvíkostabreytur til að mæla kyn (1=stúlkur, 0=piltar), búsetu (1=höfuðborgar-svæði, 0=landsbyggð) og heimilisgerð (1=búa hjá báðum foreldrum, 0=annað fyrirkomulag). Þríkostabreytur voru notaðar til að mæla bekk (1=8. bekkur, 2=9. bekkur, 3=10. bekkur), menntun foreldra (1=lítill, 2=miðlungs, 3=mikil) og tungumál á heimili (1=eingöngu íslenska, 2=íslenska ásamt öðru tungumáli, 3=eingöngu annað tungumál). Fjárhagsleg staða fjölskyldu miðað við aðrar fjölskyldur var mæld á 7 punkta kvarða frá *Miklu betur stæð* til *Miklu verr stæð*. Breytan var flokkuð sem þríkostabreyta (1=betur stæð, 2=í meðallagi, 3=verr stæð) eftir þriðjungum (e. *tertiles*). Hvatning foreldra til íþróttaiðkunar var byggð á fullyrðingaspurningu: *Þeir leggja áherslu á að ég æfi íþróttir*. Hún var mæld á 5 punkta kvarða frá *Ekkert* til *Mjög mikið*. Breytan var flokkuð sem þríkostabreyta (1=mikil, 2=í meðallagi, 3=lítill sem engin) eftir þriðjungum. *Virðing vina að vera góður í íþróttum*, var fullyrðingaspurning og snerist um það hvort frammistaða í íþróttum væri talin hafa áhrif á virðingu vina. Breytan var mæld á 5 punkta kvarða frá *Eykur virðingu mikið* til *Minnkar virðingu mikið* og flokkuð sem þríkostabreyta (1=minnkar virðingu eða hefur engin áhrif, 2=eykur áhrif nokkuð, 3=eykur áhrif mikið) eftir þriðjungum. *Samskipti við foreldra* annars vegar og *vini* hins vegar voru kvarðar sem byggðir voru á 5 spurningum fyrir hvorn hóp. Spurningarnar voru: Hve auðvelt eða erfitt væri fyrir þig að fá: a) umhyggju og hlýju, b) samræður um persónuleg málefni, c) ráðleggingar varðandi námið, d) ráðleggingar varðandi önnur verk, og e) aðstoð við ýmis verk. Kvarðarnir sem vörðuðu samskipti við foreldra ($\alpha=0.89$) og samskipti við vini ($\alpha=0.90$) voru flokkaðir sem þríkostabreytur (1=lítill, 2=miðlungs, 3=mikil) eftir þriðjungum.

Gagnagreining

Aðhvarfsgreiningu fyrir tvígilda óháða breytu (e. *logistic regression*) var beitt í því skyni að greina áhrif ýmissa félagslegra þátta á íþróttaiðkun. Greiningin var gerð í tveimur jöfnum. Skoðuð voru einkenni: a) þeirra sem æfa einu sinni eða oftár í viku í íþróttafélagi


¹ 379 þátttakendur í könnuninni svöruðu ekki einhverjum þessara spurninga eða gáfu svör sem voru ekki tekin gild.

miðað við þá sem ekki stunda íþróttir og b) þeirra sem æfa einu sinni eða oftár í viku, en eingöngu utan íþróttafélaga, miðað við þá sem ekki stunda íþróttir.

Hlutföll líkindatalna (e. *odds ratios*) eru ennfremur birt í töflum. Þau sýna hlutfallslega breytingu í líkindahlutfalli á því að stunda íþróttir í íþróttafélagi eða stunda íþróttir utan félags, samanborið við þá sem stunda ekki íþróttir.


Niðurstöður

Á *Mynd 1* má sjá að íþróttapátttaka ungmenna í íþróttafélagi (nemenda í 9.–10. bekk) hefur aukist jafnt og þétt frá árinu 1992. Rétt ríflega 40% nemenda stunduðu íþróttir í íþróttafélagi árið 1992 og er hlutfallið komið í um 60% árið 2014. Athyglisvert er að greina að mynstur íþróttapátttökunar virðist hafa breyst þar sem sífellt fleiri ungmenni en það gerðu áður stunda skipulagt íþróttastarf oft í viku. Hlutfall þeirra ungmenna sem æfa oft, eða fjórum sinnum eða oftár í viku, hefur hátt í þrefaldast á þessum tíma, frá 17% árið 1992 í tæplega 43% árið 2014. Einnig má sjá að piltar iðka frekar íþróttir í íþróttafélagi en stúlkur en þó hefur dregið saman með kynjunum með árunum. Hlutfall pilta sem æfa fjórum sinnum í viku eða oftár hefur meira en tvöfaldast á þessu tímabili og hlutfall stúlkna næstum því þrefaldast.



Mynd 1 – Þróun íþróttapátttöku í íþróttafélagi meðal nemenda í 9. og 10. bekk frá árinu 1992 til 2014 greint eftir fjölda æfinga í viku.

Mynd 2 sýnir okkur íþróttapátttöku í íþróttafélagi eftir aldri. Á henni má sjá að þátttaka í íþróttafélagi er hvað mest í 7. bekk en þá stunda um 83% allra krakka skipulagt íþróttastarf (einu sinni eða oftar í viku). Brottfall úr skipulögðu íþróttastarfi virðist að sama skapi vera mest í kjölfarið eða á milli 7. og 8. bekkjar en þá lækkar hlutfall þeirra sem stunda íþróttir í íþróttafélagi úr um 83% í 70%. Hlutfallið lækkar svo jafnt og þétt upp úr því.



Mynd 2 – Yfirlit yfir íþróttapátttöku grunn-, gagnfræða- og framhaldsskólánema í íþróttafélagi greint eftir fjölda æfinga í viku.²

Tafla 1 er yfirlitstafla sem sýnir nokkra félagslega áhrifaþætti með tilliti til þeirra nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem árið 2014 iðka íþróttir í íþróttafélagi, iðka íþróttir utan íþróttafélaga og þeirra sem ekki taka þátt í neinum íþróttum. Í töflunni má sjá að um 63% ungmenna í 8-10. bekk stunda íþróttir í íþróttafélagi (1 sinnum í viku eða oftar), um 26% stunda eingöngu annað íþróttastarf (1 sinnum í viku eða oftar) og 11.5% stunda engar íþróttir. Með hækkandi aldri virðist draga úr þátttöku ungmenna í skipulögðu íþróttastarfi íþróttafélaga (um 13 prósentustig) en að sama skapi eykst þátttaka í hinu óskipulagða starfi utan íþróttafélaga (um 10 prósentustig).

² Gögn: 5.–7. bekkur=Ungt fólk, grunnskólakönnun 2013; 8.–10. bekkur=Ungt fólk 2014; Framhaldsskóli=Ungt fólk, framhaldsskólakönnun 2013.

Íþróttabátttaka íslenskra ungmenna: Þróun íþróttabátttöku og greining á félagslegum áhrifabáttum

Tafla 1 – Félagslegir áhrifabættir á íþróttabátttöku			
	Íþróttir í íþróttafélagi	Íþróttir utan íþróttafélaga	Stunda ekki íþróttir
	% (N)	% (N)	% (N)
Allir	62.7 (6.477)	26.4 (2.725)	11.5 (1.212)
Piltar	66.8 (3.322)	21.7 (1.087)	12.0 (591)
Stúlkur	59.0 (3.104)	30.2 (1.603)	11.1 (584)
Bekkur			
8. bekkur	68.6 (2369)	21.1 (736)	11.0 (379)
9. bekkur	64.1 (2165)	25.3 (857)	10.8 (361)
10. bekkur	55.5 (1482)	32.0 (1074)	12.9 (2887)
Búseta			
Höfuðborg	62.7 (4335)	25.8 (1798)	12.0 (825)
Landsbyggð	62.8 (2142)	27.0 (927)	10.6 (360)
Heimili			
Bý hjá báðum foreldrum	67.1 (4664)	24.1 (1684)	9.2 (638)
Bý við annað fyrirkomulag	53.7 (1760)	30.3 (1003)	16.3 (532)
Tungumál á heimili			
Eingöngu íslenska	64.5 (5654)	25.4 (2249)	10.5 (915)
Íslenska og annað tungumál	53.8 (666)	29.5 (365)	16.8 (206)
Eingöngu annað tungumál	45.4 (122)	33.3 (91)	22.0 (59)
Menntun foreldra			
Lág	60.1 (1608)	28.7 (773)	11.5 (306)
Meðal	66.9 (1.293)	24.8 (484)	8.7 (168)
Há	72.4 (1913)	21.7 (576)	6.3 (166)
Fjárhagsstaða fjölskyldu			
Verr stæð	47.0 (414)	31.7 (281)	21.5 (189)
Í meðallagi	59.9 (2643)	28.0 (1247)	12.5 (3847)
Betur stæð	68.3 (3.295)	23.3 (1.131)	8.6 (412)
Hvatning foreldra til íþróttaiðkunar			
Lítill sem engin	23.7 (434)	40.3 (743)	36.0 (654)
Í meðallagi	48.7 (1175)	38.8 (942)	12.9 (309)
Mikil	80.5 (4812)	16.5 (992)	3.5 (206)
Virðing vina að vera góður í íþróttum			
Engin áhrif á virðingu	49.0 (1888)	33.8 (1311)	17.4 (669)
Eykur virðingu nokkuð	66.6 (2169)	25.1 (823)	8.9 (288)
Eykur virðingu mikið	76.3 (2338)	17.3 (534)	6.7 (2839)
Samskipti við foreldra			
Lítill	54.7 (2087)	28.9 (1117)	17.0 (647)
Miðlungs	66.0 (1426)	25.7 (558)	8.6 (184)
Mikil	68.6 (2828)	23.8 (985)	7.8 (321)
Samskipti við vini			
Lítill	56.0 (1616)	26.9 (781)	17.4 (500)
Miðlungs	63.9 (2613)	26.5 (1093)	10.0 (408)
Mikil	67.5 (2075)	24.9 (772)	7.9 (241)

Í Töflu 2 koma fram upplýsingar úr aðhvarfsgreiningu fyrir tvígilda óháða breytu (e. *logistic regression*) á íþróttabátttöku íslenskra ungmenna eftir félagslegum áhrifaþáttum.

Tafla 2 – Félagslegir áhrifaþættir á íþróttabátttöku						
	Íþróttir í íþróttafélaga			Íþróttir utan íþróttafélaga		
	Aðhvarfs- stuðlar	OR*	(95% CI)	Aðhvarfs- stuðlar	OR*	(95% CI)
Kyn	-.115	.891	.711-.1.118	.385**	1.470	1.188-1.819
Aldur (bekkur)	-.224**	.800	.700-.913	.070	1.073	.954-1.127
Heimili						
Búseta	.304	1.355	1.072-1.712	.312**	1.365	1.095-1.702
Heimilisgerð	-.502**	.605	.482-.761	-.235**	.791	.640-.977
Tungumál á heimili	-.248	.780	.608-1.001	-.114	.892	.714-1.114
Fjárhagsleg staða fjölskyldu	.115	1.122	.947-1.329	.054	1.056	.904-1.233
Foreldrar						
Menntun foreldra	.067	1.070	.940-1.218	.050	1.052	.930-1.189
Hvatning foreldra til íþróttaiðkunar	1.180**	3.253	2.965-3.570	.567**	1.762	1.610-1.929
Samskipti við foreldra	.080	1.084	.951-1.235	.120	1.128	.998-1.274
Vinir						
Samskipti við vini	.396**	1.486	1.275-1.732	.214**	1.238	1.073-1.428
Íþrótttafærni gefur virðingu vina	.574**	1.775	1.557-2.024	.184**	1.202	1.059-1.365
Fasti jöfnu	-4.217			-2.758		

* Líkindastuðlar (e. *odds ratios*, OR) í töflunni sýna hlutfallslega breytingu í líkindahlutfalli (e. *odds*) á að taka þátt í íþróttum í íþróttafélaga eða íþróttum utan félaga samanborið við þá sem stunda ekki íþróttir.

** $p < 0.05$ (tvíhliðapróf)

Ef við berum saman annars vegar þá sem stunda íþróttir innan eða utan íþróttafélaga og hins vegar þá sem stunda ekki íþróttir, þá sýna niðurstöðurnar marktæk áhrif á þátttöku í íþróttum af félagslegum þáttum á borð við heimilisgerð, þar sem þeir sem búa hjá báðum foreldrum taka frekar þátt en þeir sem búa við annað fyrirkomulag; hvatningu foreldra, þar sem þeir sem fá meiri hvatningu foreldra til íþróttaiðkunar eru líklegri til að taka þátt en þeir sem fá minni hvatningu; samskipti við vini, þar sem þeir sem eru í meiri samskiptum við vini sína taka frekar þátt í íþróttum en þeir sem eru í minni samskiptum; og jafningja-hópi, þar sem þeir sem eiga vini sem meta mikils íþrótttafærni taka frekar þátt en aðrir. Ekki reyndist marktækur munur á þátttöku í íþróttum eftir því hvaða tungumál er talað á heimili, fjárhagslegri stöðu fjölskyldu, menntun foreldra eða samskiptum við foreldra.

Sterkasta sambandið er á milli hvatningar foreldra til íþróttaiðkunar og íþróttabátttöku ungmennanna. Þau ungmenni sem fá hvatningu frá foreldrum sínum til íþróttaiðkunar eru riflega þrisvar sinnum líklegri (OR=3.253) til að stunda íþróttir innan íþróttafélaga og tæplega tvisvar sinnum líklegri til að stunda íþróttir utan íþróttafélaga (OR=1.762) en þeir sem ekki fá þessa hvatningu.

Niðurstöður aðhvarfsgreiningar benda enn fremur til þess að það séu að mestu sömu félagslegu þættirnir sem tengjast þátttöku í íþróttum innan og utan íþróttafélaga. Helsti munurinn sem fram kemur er að stúlkur eru líklegri til að taka þátt í íþróttum utan íþróttafélaga.

félaga og það sama á við um ungmenni á landsbyggðinni. Yngri ungmenni eru aftur á móti líklegri til að taka þátt í starfi íþróttafélaga en þau eldri.

Umræða

Niðurstöður benda til þess að íþróttaiðkun ungmenna í skipulögðu íþróttastarfi sé jafnt og þétt að aukast. Bátttaka innan íþróttafélaga er um 20 prósentustigum hærra meðal ungmenna í 8.–10. bekk nú en árið 1992. Jafnframt er skuldbinding bátttakenda meiri þar sem ungmennin æfa oftari í hverri viku. Á þessu tímabili hefur hlutfall pílta sem æfa fjórum sinnum eða oftari í viku tvöfaldast og hlutfall stúlkna nærri því þrefaldast. Þar sem rannsóknir hafa sýnt að íþróttaiðkun innan íþróttafélaga hefur meira uppeldisgildi eftir því sem íþróttir eru stundaðar oftari og iðkendur eru í meiri og sterkari tengslum við starfið (Thorlindsson og Halldorsson, 2010; Halldorsson, Thorlindsson og Sigfusdóttir, 2014) þá mætti túlka þessar niðurstöður sem jákvæðar fyrir íþróttahreyfinguna, iðkendur og samfélagið. Því oftari sem iðkendur verða fyrir jákvæðum áhrifum frá íþróttastarfinu þeim mun frekar styrkjast þau gildi sem í starfinu felast. Ennfremur benda niðurstöðurnar til þess að þáttur stúlkna í skipulögðu íþróttastarfi sé aðeins að styrkjast samanborið við pílta, þó svo að piltar séu ennþá líklegri til að taka þátt í því starfi en stúlkur. Þær niðurstöður eru í samræmi við þróunina erlendis (Coakley, 2007).

Íþróttabátttaka innan íþróttafélaga virðist ná hámarki meðal nemenda í 7. bekk en þá stunda yfir 80% ungmenna íþróttir með þeim hætti. Ríflega helmingur þeirra stundar æfingar fjórum sinnum eða oftari í viku. Á næstu árum dregur aftur á móti jafnt og þétt úr þátttöku í slíku starfi og eru þær niðurstöður sambærilegar við þróun annars staðar (De Knop o.fl., 1996). Rannsóknir hafa sýnt að auknar æfingar og aukin skuldbinding í skipulögðu íþróttastarfi á þessum árum, með fleiri æfingum á viku, samhliða öðrum áhugamálum, auknum kröfum í námi, sem og vinnu með skóla, ýtir undir brottfall úr íþróttafélögum (Lindner, Johns og Butcher, 1991; Fraser-Thomas, Cote og Deakin, 2008;). Það standa jafnan ekki aðrar leiðir til boða fyrir þá sem vilja æfa minna, eða á öðrum forsendum, innan íþróttafélaga. Þeir leita því í að stunda íþróttir á eigin forsendum (Coakley, 2007). Niðurstöðurnar benda til þess að þeir sem hætta þátttöku í íþróttafélagi leiti í óformlegt íþróttastarf utan íþróttafélaga. Það brottfall sem á sér stað úr skipulögðu íþróttastarfi á þessum árum, sem aðstandendur íþróttastarfs hafa umtalsverðar áhyggjur af, virðist því fyrst og fremst vera úr skipulögðu íþróttastarfi íþróttafélaga sem skilar sér í aukinni þátttöku í óskipulögðu íþróttastarfi utan þeirra. Fæstir þeirra sem hætta að æfa í íþróttafélögum, á þessum árum, hætta alveg að stunda íþróttir.

Þá má sjá ákveðnar vísbendingar um að einhverjir félagslegir þættir hafi áhrif á þátttöku í íþróttum. Samkvæmt niðurstöðum aðhvarfsgreiningarinnar má greina að þeir sem stunda íþróttir séu líklegri til að búa hjá báðum foreldrum auk þess sem þeir eru mun líklegri til að fá hvatningu til íþróttaiðkunar frá foreldrum sínum og vera í jafningjahópi þar sem íþróttafærni er í miklum metum. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna (Rowley, 1992; Rotella og Bunker, 1985; Kay, 2000; Bloom, 2005; Seabra o.fl., 2007; Singh o.fl., 2008; Wheeler, 2011). Hvatning foreldra til íþróttaiðkunar virðist vega mest allra áhrifaþátta í íþróttabátttöku ungmennanna. Á hinn bóginn reyndist ekki vera marktækur munur á þátttöku í íþróttum eftir menntun og efnahagslegri stöðu foreldra en erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á slíkt tengsl (Yang, Telama og Laakso, 1996; Collins og Buller, 2003).

Niðurstöður sýna jafnframt að ekki kom fram afgerandi munur á félagslegum áhrifaþáttum þátttöku milli þeirra sem æfa íþróttir í íþróttafélagi og þeirra sem æfa utan íþróttafélaga. Það er áhugavert í ljósi þess að niðurstöður fyrri rannsókna, sem gerðar hafa verið hér á landi, hafa ítrekað sýnt fram á talsvert uppeldislegt gildi skipulagðs íþróttastarfs umfram annað íþróttastarf (Þórólfur Þórlindsson o.fl., 1994; Þórólfur Þórlindsson o.fl., 1998; Þór-

ólfulur Þórlindsson o.fl., 2000; Thorlindsson og Halldorsson, 2010; Halldorsson, Thorlindsson og Sigfusdóttir, 2014). Í þessu sambandi hafa erlendar rannsóknir bent á ýmiss konar félagslega lagskiptingu í íþróttastarfi barna og ungmenna þar sem félagslegar hindranir leiða til þess að þeir sem þurfa mest á starfinu að halda komast ekki í það (Yang, Telama og Laakso, 1996; Kay, 2000; Collins og Buller, 2003). Slíkar niðurstöður gefa til kynna að þau ungmenni sem koma úr hagstæðara félagslegu umhverfi séu mun líklegri til að stunda skipulagt íþróttastarf en önnur ungmenni og því eru uppeldisáhrif af slíku starfi dregin í efa. Niðurstöður greiningarinnar benda til þess að sumir þessara þátta hafi áhrif á það hvort íslensk ungmenni stundi íþróttir. Þetta á sérstaklega við þegar bornir eru saman þeir sem stunda íþróttir og þeir sem stunda ekki íþróttir. En það virðast vera svipaðir þættir sem hafa áhrif á ólík þáttökuform í íþróttum, hvort sem um er að ræða skipulagt íþróttastarf innan íþróttafélaga eða iðkun íþróttanna utan íþróttafélaga. Með öðrum orðum þá virðist það ekki vera munur á félagslegri stöðu þátttakenda í mismunandi formgerðum íþróttanna, innan eða utan íþróttafélaga, sem skýrir uppeldisgildi skipulagðs íþróttastarfs umfram annað íþróttastarf (Thorlindsson og Halldorsson, 2010; Halldorsson, Thorlindsson og Sigfusdóttir, 2014). Þessar niðurstöður gætu túlkast sem vísbending um að uppeldisleg gildi lærist í skipulögðu íþróttastarfi – sem iðkendur annars konar íþróttastarfs fara þá jafnvel á mis við. Sú túlkun er í takt við hugmyndir bresku skólamananna frá seinni hluta 19. aldar (Guttmann, 2004). Í þessu samhengi má einnig halda því fram að aukin þátttaka ungmenna í skipulögðu íþróttastarfi hafi átt sinn þátt í þeim eftirtektarverða árangri sem náðst hefur í áfengis- og vímuefnaförvörnum hér á landi á undanförunum árum (Hrefna Pálsdóttir o.fl., 2013). Ef svo er þá undirstrikar það mikilvægi þess að íþróttastarf sé aðgengilegt ungmennum úr öllum hópum samfélagsins.

Lokaorð

Tilgangur þessarar greinar var að skoða þróun íþróttaiðkunar íslenskra ungmenna og greina helstu þætti varðandi þátttöku og tengsl við félagslega áhrifaþætti í lífi þeirra. Greinin er þó á engan hátt tæmandi samantekt á íþróttapátttöku íslenskra ungmenna og félagslegum áhrifaþáttum hennar, heldur er hún fyrst og fremst innlegg í frekari umræðu á skipulagi íþróttastarfs barna og ungmenna hér á landi.

Greininni er einnig ætlað er að draga fram einkenni mismunandi formgerða íþróttapátttöku ungs fólks og vekja athygli á því að hefðbundin skilgreining á íþróttum er ekki lengur nothæf til alhæfinga um þær – eins og þeirra að íþróttir hafi uppbyggilegt gildi eða hafi það ekki. Það þarf að skoða og greina íþróttapátttöku með tilliti til þess um hvers konar starf er að ræða hverju sinni. Íþróttastarf er mismunandi eftir því hvar það fer fram, á hvaða forsendum og í hvaða tilgangi. Á meðan sumt íþróttastarf kann að hafa einhvers konar uppeldisgildi fyrir iðkendur má vera að annað starf hafi það ekki.

Í þessu samhengi er mikilvægt að við frekari rannsóknir verði leitast við að skoða og meta áhrif íþróttastarfs á börn og ungmenni enn frekar. Eins og niðurstöður hér að framan benda til er sérstaklega mikilvægt að horfa til þátta eins og fjölskyldumenningar og jafningjaviðhorfa og áhrifa þeirra á íþróttaiðkun barna og ungmenna; skoða íþróttaiðkun stúlkna; og greina uppeldisgildi íþróttastarfs af mismunandi toga. Niðurstöður slíkra rannsókna væri hægt að nota til að styrkja jákvæð gildi íþróttastarfsins sem uppeldisstarfs og að gera slíkt starf aðgengilegt fyrir alla hópa samfélagsins.

Þakkið

Rannsóknin var styrkt af Íþróttasjóði Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Höfundur vill þakka rannsóknarmiðstöðinni Rannsóknnum og greiningu fyrir aðgang að gögnum úr könnunum sem bera heitið *Ungt fólk*.

Heimildaskrá

- Barber, B. L., Eccles, J. S. og Stone, M. R. (2001). Whatever happened to the jock and the princess? Young adult pathways linked to adolescent activity involvement and social identity. *Journal of Adolescent Research*, 16, 429–455.
- Bartko, W. T. og Eccles, J. S. (2003). Adolescent participation in structured and unstructured activities: A person oriented analysis. *Journal of Youth and Adolescence*, 32(4), 233–241.
- Berndt, T. J., Laychak, A. E. og Keunho, P. (1990). Friends' influence on adolescents' academic achievement motivation: An experimental study. *Journal of Educational Psychology*, 82(4), 664–670.
- Björn Bjarnason (1908). *Íþróttir fornanna á Norðurlöndum*. Reykjavík: Sigurður Kristjánsson.
- Bloom, B. (ritstjóri). (1985). *Developing Talent in Young People*. New York: Ballantine.
- Christakis, N. A. og Fowler, J. H. (2009). *Connected: The surprising power of our social networks and how they shape our lives*. New York: Little Brown and Company.
- Coakley, J. (2007). *Sports in Society: Issues and controversies*. Boston: McGraw-Hill.
- Coakley, J. og Pike, E. (2009). *Sports in Society: Issues and controversies*. London: McGraw-Hill.
- Coakley, J. (2011). Youth sports: What counts as “positive development?” *Journal of Sport and Social Issues*, 35(3), 306–324.
- Collins, M. F. og Buller, J. R. (2003). Social exclusion from high-performance sport: Are all talented young sports people being given an equal opportunity of reaching the Olympic podium?. *Journal of Sport and Social Issues*, 27(4), 420–442.
- Corte, U. (2013). A refinement of collaborative circles theory: Resource mobilization and innovation in an emerging sport. *Social Psychology Quarterly*, 76(1), 25–51.
- Cote, J. (1999). The influence of the family in the development of talent in sport. *The Sport Psychologist*, 13, 395–417.
- Cotterell, J. (1996). *Social Networks and Social Influences in Adolescence*. London: Routledge.
- Crum, B. J. (1991). *Over Versporting vand de Samenleving [About the Sportification of Society]*. Rijswijk: WVC.
- De Knop, P., Engström, L-M., Skirstad, B. og Weiss, M. R. (ritstjórar). (1996). *Worldwide Trends in Youth Sport*. Champaign, IL: Human Kinetics.
- Doty, J. (2006). Sports build character?! *Journal of College and Character*, 7(3), 1–9.
- Durlak, J. A., Weissberg, R. P. og Pachan, M. (2010). A meta-analysis of after-school programs that seek to promote personal and social skills in children and adolescents. *American Journal of Community Psychology*, 45, 294–309.

Eccles, J. S. og Barber, B. L. (1999). Student council, volunteering, basketball, or marching band: What kind of extracurricular involvement matters? *Journal of Adolescent Research, 14*, 10–43.

Elias, N. og Dunning, E. (1986). *Quest For Excitement: Sport and leisure in the civilizing process*. Oxford: Basil Blackwell.

Farrell, M. P. (2001). *Collaborative Circles: Friendships dynamics and creative work*. Chicago: Chicago University Press.

Fine, G. A. (1979). Small groups and culture creation: The ideoculture of little league baseball teams. *American Sociological Review, 44*(5), 733–745.

Fraser-Thomas, J., Cote, J. og Deakin, J. (2005). Youth sport programs: An avenue to foster positive youth development. *Physical Education and Sport Pedagogy, 10*(1), 19–40.

Fraser-Thomas, J., Cote, J. og Deakin, J. (2008). Examining adolescent sport dropout and prolonged engagement from a developmental perspective. *Applied Sport Psychology, 20*(3), 318–333.

Gísladóttir, T. L., Matthíasdóttir, A. og Kristjánsdóttir, H. (2013). The effect of adolescents' sports clubs participation on self-reported mental and physical conditions and future expectations. *Journal of Sports Sciences, 31*(10), 1139–1145.

Gould, D. og Carson, S. (2004). Fun and games. *Youth Studies Australia, 23*, 19–26.

Granovetter, M. (1983). The strength of weak ties: A network theory revisited. *Sociological Theory, 1*, 201–233.

Guðmundur Finnbogason. (1933). *Íslendingar: Nokkur drög að þjóðarlýsingu*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Guttman, A. (2002). *The Olympics: A history of the modern games*. Urbana og Chicago: University of Illinois Press.

Guttman, A. (2004a). *From Ritual to Record: The nature of modern sports*. New York: Columbia University Press.

Guttman, A. (2004b). *Sports: The first five millennia*. Amherst and Boston: University of Massachusetts Press.

Halldorsson, V. (2014). *The Social Context of Excellence and Achievement in Sports: Towards 'a sociology of excellence'*. Lambert Academic Publishing.

Halldorsson, V., Thorlindsson, T. og Katovich, M. (2014). The role of informal sport: The local context and the development of elite athletes. *Studies in Symbolic Interaction, 42*(1), 133–160.

Halldorsson, V., Thorlindsson, T. og Sigfusdóttir, ID. (2014). Adolescent sport participation and alcohol use: The importance of sport organization and the wider social context. *International Review for the Sociology of Sport, 49*(3–4), 311–330.

Hartmann, D. og Kwauk, C. (2011). Sport and development: An overview, critique, and reconstruction. *Journal of Sport and Social Issues, 35*(3), 284–305.

Hrefna Pálsdóttir, Jón Sigfússon, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Álfgeir Logi Kristjánsson. (2013). *Vímuefnanotkun unglinga í efstu bekkjum grunnskóla á Íslandi: Þróun frá 1997 til 2013*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.

Íþróttá- og ólympíusamband. (2011). *Tölfræði 2011*. Sótt af <http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Tolfraedirit/Tolfræði%20ÍSí%202011.pdf>

Kay, T. (2000). Sporting excellence: A family affair? *European Physical Education Review*, 6, 151–169.

Lindner, K. J., Johns, D. P. og Butcher, J. (1991). Factors in withdrawal from youth sport: A proposed model. *Journal of Sport Behavior*, 14(1), 3–18.

Mangan, H. (1998). Sport in society: The Nordic world and other worlds. Í H. Meinander og J. A. Mangan (ritstjórar), *The Nordic World: Sport in Society*. London: Frank Cass.

Marsh, H. W. og Kleitman, S. (2003). School athletic participation: Mostly gain with little pain. *Journal of Sport and Exercise Psychology*, 25, 205–228.

Okada, C. og Young, K. (2011). Sport and social development: Promise and caution from an incipient Cambodian football league. *International Review for the Sociology of Sport*, 47(1), 5–26.

Overbeek, G., Bot, S. M., Meeus, R. A., Sentse, M., Knibbe, R. A. og Engels, R. (2010). Where it's at! The role of best friends and peer group members in young adults' alcohol use. *Journal of Research on Adolescence*, 21(3), 631–638.

Rotella, R. J. og Bunker, L. K. (1987). *Parenting Your Superstar: How to help your child get the most out of sports*. Champaign, IL: Human Kinetics.

Rowley, S. (1992). *TOYA: Identification of talent*. London: The Sports Council.

Sage, G. (1998). Does sport affect character development in athletes? *Journal of Physical Education, Recreation and Dance*, 69(1), 15–18.

Scanlan, T. K. (1984). Competitive stress and the child athlete. Í J. M. Silca III og R. S. Weinberg (ritstjórar), *Psychological Foundations of Sport* (bls. 118–129). Champaign IL: Human Kinetics.

Seabra, A. F., Mendonca, D. M., Thomis, M. A., Peters, T. J. og Maia, J. A. (2007). Associations between sport participation, demographic and socio-cultural factors in Portuguese children and adolescents. *The European Journal of Public Health*, 18(1), 25–30.

Shields, D. L. og Bredemeier, B. J. L. (1995). *Character Development and Physical Activity*. Champaign, IL: Human Kinetics.

Sigurður Nordal (1987). *List og lífsskoðun III: Áfangar*. Reykjavík: Almenna Bókafélagið.

Singh, G. K., Yu, S. M., Siahpush, M. og Kogan, M. D. (2008). High levels of physical inactivity and sedentary behaviors among US immigrant children and adolescents. *Archives of Pediatrics and Adolescent Medicine*, 162(8), 756–763.

Sólveig H. Georgsdóttir og Hallfríður Þórarinsdóttir (2008). *Innan vallar eða utan? Rannsókn á þátttöku í skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi meðal innflytjendabarna í Breiðholti*. Reykjavík: Mirra.

- Thorlindsson, T. (1989). Sport participation, smoking, and drug and alcohol use among Icelandic youth. *Sociology of Sport Journal*, 6, 136–143.
- Thorlindsson, T., Vilhjalmsón, R. og Valgeirsson, G. (1990). Sport participation and perceived health status: A study of adolescents. *Sociological Science Medicine*, 31(5), 551–556.
- Thorlindsson, T. og Vilhjalmsón, R. (1991). Factors related to cigarette smoking and alcohol use among adolescents. *Adolescence*, 26(101), 399–416.
- Thorlindsson, T. og Halldórsson, V. (2010). Sport, and the use of anabolic androgenic steroids among Icelandic high school students: A critical test of three perspectives. *Substance Abuse Treatment, Prevention and Policy*, 5, 32.
- Tischer, U., Hartmann-Tews, I. og Combrink, C. (2011). Sport participation of the elderly- the role of gender, age and social class. *European Review of Aging and Physical Activity*, 8, 83–91.
- United Nations. (2003). A/Res/58/5, 58th Session, General Assembly. New York: UN.
- Vest, A. E. og Simpkins, S. D. (2013). When is sport participation risky or protective for alcohol use? The role of teammates, friendships, and popularity. *New Directions for Child and Adolescent Development*, 140, 37–55.
- Vilhjalmsón, R. og Kristjansdóttir, G. (2003). Gender differences in physical activity in older children and adolescents: The central role of organized sport. *Social Science and Medicine*, 58, 363–374.
- Wagner, R. K. (1987). Tacit knowledge in everyday intelligent behavior. *Journal of Personality and Social Psychology*, 52, 1236–1247.
- Wheeler, S. (2011). The significance of family culture for sports participation. *International Review for the Sociology of Sport*, 47(2), 235–252.
- Woods, R. B. (2011). *Social Issues in Sport*. Champaign, IL: Human Kinetics.
- Yang, X. L., Telama, R. og Laakso, L. (1996). Parents' physical activity, socioeconomic status and education as predictors of physical activity and sport among children and youths – A 12 year follow-up study. *International Review for the Sociology of Sport*, 31, 273–291.
- Zambon, A., Morgan, A., Vereecken, C., Colombini, S., Boyce, W., Mazur, J. og Cavallo, F. (2010). The contribution of club participation to adolescent health: evidence from six countries. *Journal of Epidemiology and Community Health*, 64(1), 89–95.
- Þórólfur Þórlindsson, Þorlákur Karlsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir (1994). *Um gildi íþróttar fyrir íslensk ungmenni*. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.
- Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson (1998). *Vímuefnaneysla ungs fólks: Umhverfi og aðstæður*. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.
- Þórólfur Þórlindsson, Kjartan Ólafsson, Viðar Halldórsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir (2000). *Félagsstarf og frístundir íslenskra unglinga*. Reykjavík: Æskan.

Um höfund

Viðar Halldórsson er lektor í félagsfræði við Háskóla Íslands en var áður sviðsstjóri íþróttufræðasviðs Háskólans í Reykjavík. Viðar er með doktorsgráðu frá Háskóla Íslands og hefur í sínum rannsóknum lagt áherslu á félagsfræði þekkingar með sérstaka áherslu á félagsfræði íþróttar, félagsfræði uppbyggingar og árangurs og félagsfræði dægurmenningar.

Efnisorð

*íþróttir – uppeldisleg gildi – ungmenni – skipulagt íþróttstarf
– félagslegir áhrifaþættir*

About the author

Vidar Halldorsson is an assistant professor in sociology at the University of Iceland and former head of the department of sport science at Reykjavik University. He has a Ph.D. from the University of Iceland and emphasis in his research have been on the sociology of knowledge, in particular the sociology of sport, sociology of achievement and expertise, and sociology of popular culture.

Key words

sport – youth development – formal sport – social influences



Viðar Halldórsson. (2014).
Íþróttabátttaka íslenskra ungmenna: Þróun íþróttabátttöku og greining á félagslegum áhrifaþáttum.
Netla – Vefrit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2014/ryn/007.pdf>